



Atvinnuþróunarfélag Suðurlands

Starfsáætlun 2012



Efnisyfirlit

Starfsáætlun 2012	2
1 Fjárhagsáætlun.....	2
2 Kynningarmál	2
2.1 Heimasíða	2
2.2 Bæklingar	2
2.3 Ímynd	2
2.4 Fundir.....	3
2.5 Fjölmíðlar	3
3 Samskipti	4
3.1 Stjórnarfundir	4
3.2 Starfsmannafundir	4
4 Samstarf	4
4.1 Eignarhaldsfélag Suðurlands.....	4
4.2 Vaxtarsamningur Suðurlands.....	4
4.3 Markaðsstofa Suðurlands	5
4.4 Byggðastofnun	5
4.5 Háskólafélag Suðurlands.....	6
5 Fundir/ráðstefnur/málþing	6
5.1 Suðurland - já takk	6
5.2 Suðurland - land tækifæranna	6
5.3 10 funda röð - tækifæri í atvinnulífinu.....	6
6 Ýmis verkefni	7
6.1 Hagvísir	7
6.2 Katla jarðvangur.....	7
6.3 Fræðandi ferðapjónusta	7
6.4 Matarsmiðja.....	8
6.5 Slógverkefni	8
7 Þjónusta APS	9
7.1 Styrkir.....	9
7.2 Ráðgjöf.....	9
7.3 Verkefnastjórnun	10
7.4 Erlend verkefni.....	10

Starfsáætlun 2012

Í lok árs 2011 voru lögð fram drög að starfsáætlun APS 2012. Starfsmenn setjast niður og varða árið framundan og er þá helst að nefna kynningarfundir, ráðstefnur og stærri viðburði sem ætlunin er að halda. Þá er einnig sett fram áætlun um fundi sem haldnir eru í aðildarsveitarfélögunum á hverju ári. Starfsemi APS er þó þess eðlis að lang flest verkefni félagsins eru að verða til eitt af öðru án þess að hafa verið skipulögð með löngum fyrirvara enda er það eðli slíkrar starfsemi að bregðast við aðstæðum hverju sinni og stökkva á tækifærin sem verða til á hverjum tíma. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim verkefnum og viðburðum sem ákveðið hefur verið að koma að á árinu 2012.

1 Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er unnin ár hvert og lögð fyrir ársþing félagsins. Áður en áætlunin er lögð fyrir ársþingið hefur stjórn fjallað um hana og samþykkt fyrir sitt leyti. Lögð er áhersla á, við gerð áætlunarinnar, að hún gefi sem raunsannasta mynd af komandi starfsári félagsins. Á ársþinginu var samþykkt að sveitarfélögin greiddu 0,25% útsvars- og fasteignagjaldatekna sinna til félagsins á árinu 2012 eins og 2011 í stað 0,5% eins og samþykktir kveða á um. Með þessu móti er ákveðið að gengið sé á eigin fé félagsins.¹

2 Kynningarmál

2.1 Heimasíða

Á heimasíðu Atvinnuþróunarfélagsins er að finna allar upplýsingar um félagið. Kappkostað er að halda síðunni lifandi og á forsíðu birtast fréttir um það sem er á döfinni hverju sinni sem og upplýsingar um fyrirgreiðslu og styrki sem í boði eru í stoðkerfinu. Með tilkomu nýs vaxtarsamnings var gerð sú breyting að Vaxtarsamningur Suðurlands er hluti af www.sudur.is. Boðið er upp á að skrá sig á póstlista á síðunni og fá upplýsingar í hvert sinn sem nýtt efni er sett á síðuna. Hagvísir Suðurlands mun verða tengdur inn á síðuna þegar hann er tilbúinn.

2.2 Bæklingar

Félagið hefur unnið og látið prenta kynningarbæklinga fyrir starfsemi sína. Þessir bæklingar eru afhentir á kynningarfundum og þegar við á. Bæklingarnir eru prentaðir í litlu upplagi þannig að þeir séu sem réttastir á hverjum tíma. Gefnir eru út bæklingar fyrir Atvinnuþróunarfélagið og Eignarhaldsfélag Suðurlands.

2.3 Ímynd

Starfsmenn APS eru mjög meðvitaðir um nauðsyn ímyndasköpunar og kappkosta að senda jákvæð skilaboð út frá félaginu. Félagið er að stærstu leyti sá mannauður sem í félaginu er hverju sinni og

¹ Viðauki 1 – fjárhagsáætlun 2012

mikilvægt er að eiga góð samskipti við viðskiptavinum félagsins. Jákvætt orðspor er mikilvægt og umræðan í samfélaginu ræður miklu um þá ímynd sem fólk fær af félaginu.

2.4 Fundir

Löng hefð var fyrir því að stjórn og starfsmenn Atvinnuþróunarfélagsins funduðu með sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna í tengslum við stjórnarfundir félagsins. Þá voru sveitarfélög heimsótt, starfsemi APS kynnt og fulltrúar sveitarstjórna sögðu frá því sem var að gerast hjá þeim. Í tengslum við þessa fundi voru fyrirtæki í sveitarfélaginu heimsótt. Núverandi stjórn APS ákvað að leggja þessar heimsóknir af þar sem þær þóttu of kostnaðarsamar og tímafrekar. Nú fundar stjórnin að meðaltali annan hvern mánuð, fyrsta mánudag þess mánaðar.

Starfsfólk APS hefur fundað með sveitar- og bæjarstjórnnum til að kynna starfsemi félagsins, VSS og EFS. Fundir hafa verið haldnir í öllum aðildarsveitarfélögum að Vestmannaeyjum frá tölum. Ákveðið hefur verið að halda slíkan fund í Eyjum í byrjun árs 2012. Fundir sem þessir efla tengsl sveitarfélaganna og APS og eru liður í að efla árangur félagsins.

Í byrjun árs 2011 var ákveðið að ráðast í 10 funda röð - atvinnulífisfundir. Um er að ræða hádegisfundir þar sem umfjöllunarefnið er afmarkað við ákveðnar atvinnugreinar í hvert skipti. Fengnir eru frummælendur á hvern fund sem eru sérfræðingar á viðkomandi sviði og fundarmönnum gefinn kostur á umræðum í lok funda. Á árinu 2011 voru haldnir fundir um tækifæri í: Garðyrkju, ferðaþjónustu, handverki og hönnun og fiskeldi. Á árinu 2012 verður haldið áfram með þessa fundarröð og áformað er að halda eftirfarandi fundi:

- Sjávarútvegsfundur - janúar
- verslun og þjónusta - febrúar
- iðnaður - mars
- veiði í ám og vötnun - apríl

Þar fyrir utan kynnir Atvinnuþróunarfélagið starfsemi sína við öll tækifæri sem gefast. Starfsmenn fara á fundi hjá ýmsum félagasamtökum, s.s. Rotary, Akoges, Lions og fleirum þar sem starfsemi félagsins er kynnt. Þá kynnir APS starfsemi sína á sameiginlegum fundum með öðrum aðilum úr stoðkerfinu.

2.5 Fjölmiðlar

Á árinu 2012 verður kappkostað að koma fréttatilkynningum í fjölmiðla þegar það á við. Einnig að setja allt frétt næmt á heimasíðu félagsins og hvetja sveitarfélögin til að koma efni á framfæri frá félaginu.

3 Samskipti

Opin og hreinskiptin tjáskipti eru starfsemi sem þessari nauðsynleg. Sameiginlegt hagsmunamál eigenda og starfsmanna APS er að ná sem mestum árangri af starfinu og þá þurfa aðilar að geta lýst sínum væntingum og áhyggjum ef einhverjar eru án þess að sæta gangrýni.

3.1 Stjórnarfundir

Stjórnarfundir eru haldnir fyrsta mánudag, annan hvern mánuð. Þá gerir framkvæmdastjóri stjórn grein fyrir þeim verkefnum sem unnið er að hverju sinni, mál til afgreiðslu tekin fyrir og fjárhagsleg staða félagsins kynnt. Þessi vettvangur gefur tækifæri til opinna tjáskipta um málefni og stöðu félagsins ef menn vilja nýta sér það. Lagt er fram minnisblað um verkefni starfsmanna sem síðan er sent með fundargerð stjórnar til allra aðildarsveitarfélaga. Eftir að þessi háttur var tekinn upp eru sveitarfélögin betur meðvituð um hvaða starf fer fram hjá APS.

3.2 Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni í mánuði. Fyrsta fimmtudag í mánuði hittast allir og fara saman yfir þau verkefni sem eru í vinnslu og skipuleggja vikur framundan. Símafundir eru haldnir á milli þessara funda ef þörf þykir á. Starfsmannahópurinn er teymi einstaklinga með ólíka menntun og reynslu. Í ljósi þess sameiginlega slagkrafts sem í hópnum býr eru þessir fundir afar gagnlegir.

4 Samstarf

Atvinnuþróunarfélagið er með formlega samstarfssamninga við nokkra aðila en á jafnframt í miklu samstarfi við fjölmarga aðra. Þar er um að ræða aðra aðila innan stoðkerfisins, fyrirtæki og stofnanir.

4.1 Eignarhaldsfélag Suðurlands

Samstarfssamningur er á milli Atvinnuþróunarfélag Suðurlands og Eignarhaldsfélags Suðurlands hf. APS sér um daglegan rekstur og framkvæmd fyrir hönd Eignarhaldsfélagsins. Framkvæmdastjóri APS er jafnframt framkvæmdastjóri EFS. Þjónustusamningur er í gildi milli félaganna varðandi þjónustuveitingu en sérstaklega er greitt fyrir útlagða vinnu starfsmanna APS. Eignarhaldsfélagið greiðir ákveðna hlutdeild í skrifstofukostnaði Atvinnuþróunarfélagsins. Starfsmenn APS koma félaginu á framfæri út á við og aðstoða þá sem leita til EFS um aðkomu.

4.2 Vaxtarsamningur Suðurlands

Í upphafi árs 2010 var endurnýjaður Vaxtarsamningur fyrir Suðurland. Sú breyting varð á að Sveitarfélagið Hornafjörður er þátttakandi í hinum nýja samningi þrátt fyrir að vera utan starfsvæðis APS. Ný stjórn var skipuð af iðnaðarráðuneyti. APS fer með umsýslu þess fjármagns sem til úthlutunar er á hverju ári og starfar eftir verklagsreglum ráðuneytisins. Gerðar eru starfsáætlanir til allra fjögurra ára en einnig fyrir hvert starfsár. Þá eru unnar framvinduskýrslur og ársuppgjör fyrir hvert ár. Í upphafi 2012 mun APS leggja fram áætlun ársins, framvinduskýrslu 2011 ásamt ársreikningi.

Markmið samningsins:

Markmið samningsins er að efla nýsköpun og samkeppnishæfni atvinnulífsins á starfssvæði Atvinnuþróunarfélags Suðurlands og auka hagvöxt með virku samstarfi fyrirtækja, háskóla, sveitarfélaga og ríkisins.

Leiðir að þessu markmiði skulu m.a. vera:

1. Efla samstarf fyrirtækja, háskóla og opinberra stofnana um þróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins.
2. Þróa áfram og efla klasasamstarf vaxtargreina svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu á vel skilgreindum styrkleikasviðum.
3. Fjölga samkeppnishæfum fyrirtækjum og störfum og efla framboð á vörum og þjónustu.
4. Stuðla að útflutningi vöru og þjónustu og gjaldeyrisskapandi starfsemi.
5. Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum.
6. Laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Nú er komin tveggja ára reynsla á nýjan samning og eru starfsmenn APS sammála um að nýtt fyrirkomulag þar sem APS er eingöngu umsýsluaðili fyrir fjármagn ríkisins er ekki að skila þeim árangri sem þeir vilja sjá. Í fyrri samningi var greitt fyrir og viðurkennt af hálfu ríkisins að APS ætti að sinna kynningu á Vaxtarsamningnum og að vinna náið með grasrótinni að því að koma verkefnum á laggirnar. Það fyrirkomulag skilaði öflugri verkefnum, vandaðri umsóknum og skýrari vinnuferlum.

Þá hafa greiðslur ekki verið að berast frá ríkinu m.v. ákvæði samningsins og hefur stjórn samningsins og starfsmenn APS óskað eftir skýringum og viðræðum við ráðuneytið til að fara yfir málin. Þessu máli verður fylgt eftir á árinu 2012.

4.3 Markaðsstofa Suðurlands

APS er einn af stofnendum Markaðsstofu Suðurlands og á tvo menn í aðalstjórn og einn í varastjórn. Mikið samstarf er við Markaðsstofuna og á árinu 2011 var haldin sameiginleg sýning í Ráðhúsi Reykjavíkur sem bar nafnið "Suðurland - já takk". Ákveðið hefur verið að sambærileg sýning verði haldin í mars 2012.

Markmið Markaðsstofunnar og APS falla mjög vel saman enda keppast bæði félögin við að efla Suðurland sem áhugaverðan kost til búsetu og heimsóknna. Þess vegna felast mörg áhugaverð tækifæri í að vinna þétt saman.

4.4 Byggðastofnun

Samstarfssamningur Byggðastofnunar og Atvinnuþróunarfélags Suðurlands rann út í lok árs 2010. Í honum var kveðið á um hlutverk hvors aðila samkvæmt samningnum. Ákveðið var að endurnýja samninginn óbreyttan fyrir árið 2011 þar sem ríkisvaldið vinnur að endurskoðun á stoðkerfinu í landinu og ekki liggur fyrir hvernig því verður háttað til framtíðar. Við árslok 2011 hafa mál ekki skýrst

hvað varðar endurskoðun ríkisvaldsins á stoðkefinu og samningarnir við atvinnuþróunarfélögin ekki ennþá verið endurnýjaðir. Útlit er því fyrir að þeir verði framlengdir enn eitt árið óbreyttir.

4.5 Háskólafélag Suðurlands

Háskólafélag Suðurlands og APS eiga í miklu og góðu samstarfi um ýmis verkefni. Menntun er einn aðal undirstöðuþátturinn fyrir atvinnuuppbyggingu á landinu og fer því starfssemi þessara félaga vel saman á mörgum sviðum. Sem dæmi um verkefni sem félögin vinna saman að eru:

- Katla - jarðvangur (Katla Geopark)
- Matarsmiðjan á Flúðum
- Fræðandi ferðaþjónusta

5 Fundir/ráðstefnur/málþing

5.1 Suðurland - já takk

Atvinnuþróunarfélagið í samstarfi við Markaðsstofu Suðurlands mun standa fyrir kynningu/sýningu í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 16.-17 mars 2012 þar sem Suðurland verður kynnt með margvíslegum hætti. Markmiðið er að nálgast bæði fagaðila og neytendur á þessari sýningu sem á að spegla fjölbreytileika landshlutans.

5.2 Suðurland - land tækifæranna

Atvinnuþróunarfélagið kappkostar að halda ráðstefnu eða málþing á ári hverju, gjarnan í samvinnu við aðila úr stoðkerfinu. Á árinu 2012 hefur verið ákveðið að halda öflugt málþing en ennþá liggur þema þess ekki fyrir.

5.3 10 funda röð - tækifæri í atvinnulífinu

Ákveðið var að ráðast í 10 funda röð - atvinnulífsfundi á árinu 2011. Um er að ræða hádegisfundi þar sem umfjöllunarefnið er afmarkað við ákveðnar atvinnugreinar í hvert skipti og kappkostað verður að draga fram tækifæri í hverri grein. Fengnir eru frummælendur á hvern fund sem eru sérfræðingar á viðkomandi sviði og fundarmönnum gefinn kostur á umræðum í lok funda. Fundirnir sem haldnir voru 2011 mæltust vel fyrir og voru vel sóttir.

Á árinu 2012 mun verða haldið áfram með fundi fyrir þær atvinnugreinar sem ekki náðist að funda með árið 2011. Gert er ráð fyrir eftirfarandi skipulagi:

- Sjávarútvegur - janúar
- verslun og þjónusta - febrúar
- iðnaður - apríl
- veiði í ám og vötnun - maí.

6 Ýmis verkefni

Ýmis verkefni eru á teikniborðinu sem fara munu af stað á árinu 2012 og önnur sem þegar eru farin af stað og haldið verður áfram með. Má t.d. nefnda Hagvísinn þar sem unnið er að því að finna hagkvæmstu lausnina á birtingu gagna, Matarsmiðju á Flúðum í samstarfi við Matís, Háskólafélag Suðurlands og HÍ, áburðarframleiðslu úr slógi sem er víðtækt samstarfsverkefni fiskverkenda, Matís og fleiri. Kötlujarðvangur í Rangárþingi eystra, Mýrdals- og Skaftárhreppi er verkefni sem APS hefur lagt mikinn metnað í og mun áfram verða unnið ötullega að á árinu 2012 ásamt fjöldanum öllum af góðum verkefnum sem koma upp á hverjum tíma.

6.1 Hagvísir

Hagvísir Suðurlands er gagnagrunnur sem heldur utan um mjög mikið magn upplýsinga sem varða Suðurland. Þar er m.a. að finna upplýsingar um atvinnuvegi, hagtölur, landstærð, skipulagsmál, þjónustu og margt fleira. Á árinu 2010 og 2011 var unnið hörðum höndum að söfnun upplýsinga inn í grunninn. Þeirri vinnu lauk í upphafi árs 2011 og var þá hafist handa við að kanna möguleikana á birtingarformi þessara gagna, þ.e. að gera gögn að upplýsingum. Valinn hluti Hagvísisins verður birtur í ársbyrjun 2012 en önnur gögn síðar á árinu.

6.2 Katla jarðvangur

Atvinnuþróunarfélag Suðurlands í samstarfi við Háskólafélag Suðurlands, Háskóla Íslands og sveitarfélögin þrjú Rangárþing Eystra, Mýrdalshrepp og Skaftárhrepp hafa tekið þátt í verkefninu Katla Jarðvangur síðan 2008. Í upphafi var gerð n.k. styrktargreining á svæðinu og í framhaldi var farið út í það að nýta styrkleika svæðisins til góðs fyrir samfélagið og byggðarþróun svæðisins. Þetta er þverfaglegt verkefni sem tekur til flestra þátta efnahagslegrar uppbyggingar í dreifbýli með það fyrir augum að auka möguleika komandi kynslóða á að byggja upp framtíð sína á svæðinu. Verkefnið felur það meðal annars í sér að byggja undir ferðaþjónustu allt árið, hvetja til framleiðslu á svæðisbundum matvælum og nýta staðbundið hráefni á svæðinu og ýta þar með undir atvinnuuppbyggingu. Katla jarðvangur var formlega samþykktur inn í samtökin European Geoparks Network og UNESCO Global Geoparks Network á ársfundi evrópsku samtakanna í Langesund í september 2011 og var valið sem eina byggðarþróunarverkefnið inn í landsáætlun aðildarumsóknar styrkja Evrópusambandsins þar sem fengust um 90 milljónir króna til uppbyggingar ferðaþjónustustaða, útgáfu fræðsluefnis um svæðið og til markaðssetningar og kynningar.

6.3 Fræðandi ferðaþjónusta

Atvinnuþróunarfélagið hefur komið að verkefninu Fræðandi ferðaþjónusta á Suðurlandi er unnið í samstarfi Markaðsstofu Suðurlands, Háskólafélags Suðurlands, Fræðaseturs Háskóla Íslands og fleiri aðila. Verkefnið hlaut styrk úr Vaxtasamningi Suðurlands á haustdögum sem er grundvöllur fyrir því að verkefnið geti orðið að veruleika. Verkefnið er nokkurskonar samvinna fræðamennsku og ferðaþjónustu þar sem verið er að nota námskeið og aðra fræðslutengda starfsemi til að laða á svæðið nýja markhópa og með því efla ferðaþjónustuna utan háannatíma.

Áætlaður árangur verkefnisins er að auka vöruframboð í ferðapjónustu á Suðurlandi sem leiðir til aukinna tekna, fleiri starfstækifæra, betri nýtingu fjárfestinga og stuðlar jafnframt að uppbyggingu þekkingar- og fræðasamfélagsins í gegnum beina þátttöku þess.

Markmið verkefnisins er að koma á fót nýrri grein í ferðapjónustu á Suðurlandi sem gefur m.a. færi á aukinni starfsemi í ferðapjónustu utan háannar sem byggir á námskeiðum, fræðslufundum, kennsluferðum ofl. Þetta gefur færi á enn meiri nýsköpun og uppbyggingu í ferðapjónustu og fræðastarfsemi á svæðinu.

6.4 Matarsmiðja

APS hefur í samstarfi við Matís og Háskólafélag Suðurlands unnið að því að koma á fót Matarsmiðju á Suðurlandi. Um er að ræða aðstöðu með öllum tilskyldum leyfum til matvælaframleiðslu. Framleiðendur leigja aðstöðu í smiðjunni og komast þannig hjá fjárfestingum á meðan þróunarferlið á sér stað. Matís veitir þjónustu á sviði rannsókna og þróunar, HfSu verður með námsvinkilinn í verkefninu en APS mun veita viðskiptaráðgjöf til þeirra sem í smiðjunni eru á hverjum tíma, leiti þeir eftir því. Framundan er að koma á fót matvælatengdri námsbraut þar sem nemendur eru með mikla tengingu við sunnlensk matvælafyrirtæki. Verkefninu er ætlað að bjóða upp á nokkurs konar heildarlausn fyrir fyrirtækis eru í eða hyggja á matvælaframleiðslu og dreifingu á Suðurlandi.

6.5 Slógverkefni

Verkefnið „Slegist um slógið“ er samstarfsverkefni APS, fiskverkenda í Þorlákshöfn, Matís ohf, Landgræðslu ríkisins, MS, Búnaðarsambands Suðurlands og Landtaks ehf. Verkefnið hófst í lok árs 2009 og því lýkur haustið 2012.

Megintilgangur verkefnisins er að leiða í ljós hvort það sé hagkvæmt að framleiða lífrænan áburð úr fiskislógi með einföldum og lítt tæknivæddum aðferðum.

Rannsóknir hafa sýnt að áburðargildi fiskislógs er þokkalegt og það hefur langtímavirkni sem áburður. Verkefnið gengur út á að verka slógið á þann hátt að það verði auðvelt að bera það á tún með því að plægja það undir grassvörðinn. Þannig er komið í veg fyrir að fugl sæki í túnin og nýting áburðarefna er betri, en þegar þau liggja á yfirborðinu.

Nú er unnið er að tilraunum að heppilegri geymsluaðferð á slógi yfir vetur og fram á vor. Næsta vor verður slógi sem safnast saman yfir veturinn borið á tún, sem lífrænn áburður, og uppskeran síðan metin að loknum heyrönnum. Veturinn verður nýttur til þess að meta hagkvæmni tilraunarinnar og unnin verður viðskiptaáætlun sem byggir á rannsóknum og tilraunum verkefnisins. Þegar niðurstöður liggja fyrir verða þær gerðar opinberar til hagnýtingar fyrir þá sem hafa áhuga.

Ávinningur verkefnisins getur verið tvenns konar. Fiskislóg er nýtt til framleiðslu á lífrænum áburði sem getur dregið úr notkun á tilbúnum áburði. Urðun á slógi minnkar sem styður við áætlanir stjórnvalda um að draga úr urðun á lífrænum úrgangi.

7 Þjónusta APS

Þjónusta APS er mjög fjölbreytt. Meðfylgjandi mynd gefur nokkuð glögga mynd af þjónustunni.



Mynd 1

7.1 Styrkir

APS mun auglýsa eftir styrkumsóknum vorið 2012. Til úthlutunar verða 5 milljónir skv. fjárhagsáætlun. Skýrar verklagsreglur eru til hjá félaginu varðandi mat á verkefnum. Umsóknarformið er á heimasíðu félagsins þar sem umsækjendum er skýrt frá reglum varðandi umsóknir og mat.

7.2 Ráðgjöf

Ráðgjafarþjónusta APS er mjög fjölbreytt. Starfsmenn APS veita ráðgjöf til einstaklinga, fyrirtækja, félagasamtaka, stofnana og sveitarfélaga.

Ráðgjöf APS liggur í almennri rekstrarráðgjöf, aðstoð við gerð viðskiptaáætlana, skipulagningu verkefna, ábendingum um hvert sé best að leita til að fá stuðning við verkefni, miðlun og aðstoð við að sækja um styrki og lán, markaðsráðgjöf, vöruþróun, fjárhagslega endurskipulagningu o.s.frv.

Ráðgjafarþjónustan er veitt gjaldfrjálst eftir beiðnum á hverjum tíma en um fjölda gjaldfrjálsra tíma gilda skýrar reglur hjá félaginu. Á síðasta starfsári vann APS að rúmlega 220 skilgreindum ráðgjafaverkefnum fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

7.3 Verkefnastjórnun

APS tekur að sér verkefnastjórnun í fjölmörgum verkefnum. Oft er um að ræða verkefni á vegum sveitarfélaga eða ef um er að ræða nokkur fyrirtæki sem vinna saman að ákveðnum verkefnum og óska eftir hlutlausum verkefnastjóra utan við hópinn. Slík verkefni koma inn óreglubundið út frá eftirspurn á hverjum tíma.

7.4 Erlend verkefni

APS er vakandi gagnvart þátttöku í erlendum verkefnum á hverjum tíma. Árið 2011 hefur APS ásamt Háskólafélagi Suðurlands leitt IPA umsókn fyrir Kötlujarðvanginn og mun fylgja því verkefni áfram árið 2012. Þá er APS einnig aðili að umsókn með Svíum og Dönnum að verkefni sem kallast "Smart Services for Cool Tourism" og annari með Dönnum og Kanadamönnum sem snýst um atvinnutækifæri á norðlægum slóðum en það mun liggja fyrir í ársbyrjun 2012 hvort þær umsóknir hljóta brautargengi.

Viðauki 1 – Fjárhagsáætlun 2012

Forsendur rekstraráætlunar fyrir árið 2012

Helstu forsendur áætlunar eru sem hér segir:

Fjármunatekjur:

Gert er ráð fyrir 3% raunávöxtun við áætlun fjármagnstekna ársins 2012 af bankainnistæðum. Af lánasafni er gert ráð fyrir vaxta- og verðbótatekjum m.v. 4% verðbólgu.

Aðrar tekjur:

Áætlun um framlag sveitarfélaga fyrir árið 2012 eru unnar samkvæmt upplýsingum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um skatttekjur sveitarfélaga árið 2010 og miðast við 0,25% af útsvars- og fasteignagjaldatekjum sveitarfélaganna.

Framlag Byggðastofnunar til félagsins er áætlað það sama og á árinu 2011. Byggðastofnun greiðir með fjórum stöðugildum. Samningar eru lausir við ríkið en engar forsendur eru til að reikna með breytingum á þeim greiðslum.

Seld þjónusta og aðrar tekjur eru útseld þjónusta til Eignarhaldsfélags Suðurlands. Gert er ráð fyrir 3,5 mkr. í þennan tekjulið.

Önnur gjöld:

Gert er ráð fyrir fjórum stöðugildum allt árið þar sem stjórn hefur ákveðið að leggja ekki til framlengingum á 5. stöðugildinu. Laun hækka skv. kjarasamningum FOSS.

Húsnæðiskostnaður er reiknaður út frá þekktum kostnaði m.v. núverandi húsnæði. Gert er ráð fyrir smávægilegum hækkunum í öðrum rekstrarkostnaði.

Þá er miðað við eftirfarandi styrkveitingar á árinu:

Upplýsingamiðstöð Suðurlands	:	kr. 2.500.000.-
Auglýstar styrkveitingar	:	<u>kr. 5.000.000.-</u>
Alls	:	kr. 7.500.000.-

Rekstraráætlun 2012 (ásamt áætlun 2011 og niðurstöðu 2010)

	Áætlun 2012	Áætlun 2011	Ársreikningur 2010
Fjármögnunartekjur			
Vaxtatekjur af útlánum.....	1.070.680	3.270.000	602.153
Aðrar vaxtatekjur.....	1.680.000	7.500.000	4.068.663
Arður.....	0	0	0
Fjármagnstekjuskattur.....	-550.136	-1.615.500	-794.789
Hagnaður af sölu hlutabréfa.....	0	0	0
	2.200.544	9.154.500	3.876.027
Fjármagnsgjöld			
Önnur vaxtagjöld.....	150.000	150.000	47.585
Hreinar vaxtatekjur	2.050.544	9.004.500	3.828.442
Aðrar rekstrartekjur			
Framlög sveitarfélaga	22.628.605	22.621.700	5.771.500
Framlag frá Byggðastofnun.....	19.424.112	16.693.200	19.142.380
Styrkir vegna verkefna	0	3.600.000	412.820
Námugjöld, Jarðefnaiðnaðar hf.....	986.000	220.000	986.895
Seld þjónusta.....	1.684.800	1.620.000	1.957.500
Aðrar tekjur.....	1.830.400	1.760.000	1.724.749
	46.553.917	46.514.900	29.995.844
Hreinar rekstarartekjur	48.604.461	55.519.400	33.824.286
Önnur rekstrargjöld			
Styrkveitingar.....	7.500.000	7.500.000	3.264.160
Laun og launatengd gjöld.....	42.286.250	46.205.187	47.653.011
Annar rekstrarkostnaður.....	20.426.750	20.404.486	17.973.678
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	0	0	181.961
Afskrifuð og niðurfærð hlutabréf	0	500.000	0
Afskrif. og niðurfærðar viðskiptakröfur	0	0	0
(Hagnaður)tap af sölu fastafjármuna.....	0	0	0
	70.213.000	74.609.673	69.072.810
Framlag í afskriftarsjóð útlána.....	0	2.000.000	-4.800.000
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....	-21.608.539	-21.090.273	-40.048.524
Rekstrarniðurstaða ársins.....	-21.608.539	-21.090.273	-40.048.524

Rekstraráætlun 2012 (ásamt áætlun 2011 og niðurstöðu 2010)

	Áætlun 2012	Áætlun 2011	Ársreikningur 2010
1. Laun og launatengd gjöld:			
Launagreiðslur.....	32.717.612	35.990.833	36.607.199
Stjórnarlaun.....	589.118	858.000	780.000
Tryggingagjald.....	2.983.406	3.187.424	3.917.177
Lífeyrissjóður.....	4.627.594	4.910.242	4.967.546
Orlofs- og sjúkrasjóður.....	1.318.520	1.223.688	1.335.077
Annar kostnaður.....	50.000	35.000	46.012
	42.286.250	46.205.187	47.653.011
2. Annar rekstrarkostnaður:			
SASS, húsnæðiskostnaður.....	5.460.000	5.160.000	4.910.000
Húsnæðiskostnaður í Eyjum	675.000	624.000	565.056
Húsnæðiskostnaður á Hellu.....	0	360.000	403.692
Gjaldfærð húsgögn og áhöld.....	267.750	255.000	913.958
Rekstrarkostnaður bifreiða.....	4.320.000	3.839.000	3.489.473
Bifreiðastyrkir.....	884.000	1.485.000	1.202.053
Dagpeningar.....	550.000	550.000	196.590
Sími og burðargjöld.....	1.594.000	1.461.486	1.838.726
Ritföng, pappír og prentun.....	441.000	420.000	252.634
Auglýsingar og styrktarlínur.....	747.500	650.000	467.192
Aðkeypt lögfræði- og sérfræðipjónusta.....	865.000	1.200.000	278.917
Endurskoðun og ráðgjafarþjónusta.....	1.207.500	1.150.000	757.089
Ferða- og fundakostnaður.....	1.265.000	1.150.000	1.209.782
Rekstur áhalda og búnaður.....	1.500.000	1.500.000	1.358.102
Kostnaður vegna SLÓG og Vatnavina.....			294.064
Námskeið.....	250.000	200.000	87.558
Endurgreiddur vsk. vegna 2009.....			-592.967
Annar kostnaður.....	400.000	400.000	341.759
	20.426.750	20.404.486	17.973.678